

Reykjavík, 23. nóvember 2023

Innviðaráðuneyti
b.t. skrifstofu samgangna
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík
im@im.is

Bls. | 1

Efni: Umsögn Samtaka ökuskóla um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 77/2019 (pskj. 414 í 400. máli)

Hinn 23. október síðastliðinn lagði innviðaráðherra fram á Alþingi frumvarpi til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 77/2019 (EES-reglur). Frumvarpsdrögin hafa verið tekin til skoðunar á vettvangi [Samtaka ökuskóla](#) innan SVP – Samtaka verslunar og þjónustu.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt upp með þá breytingu á 3. málsl. 10. mgr. 58. gr. laganna að í stað þess að ökumenn sem stjórna ökutækjum til farþega- eða farmflutninga í tilteknum flokkum getið lokið reglulegri endurmenntun að fullu með fjarnámi verði þeim það aðeins heimilt að hluta.

Breytingin á rót sína að rekja til ákvæða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/645 en með c-lið 1. tölul. viðauka við framangreinda tilskipun var viðauka 1 í tilskipun 2003/59/EB, um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun ökumanna tiltekinn ökutækja til vöru- eða farþegaflutninga o.fl. Eftir breytinguna er 1. mgr. 4. hluta viðauka 1 tilskipunar 2003/59/EB svohljóðandi í íslenski þýðingu:

Skipulagning reglubundinna skylduþjálfunarnámskeiða verður að fara fram innan viðurkenndrar þjálfunarmiðstöðvar. Hvert námskeið verður að vera 35 klukkustundir á fimm ára fresti og dreifast á a.m.k. sjö klukkustunda lotur sem skipta má niður á tvo samfellda daga. Þegar um er að ræða rafrænt nám skal viðurkennd þjálfunarmiðstöð viðhalda gæðum þjálfunarinnar, þ.m.t. með því að velja viðfangsefni þar sem hægt er að nota upplýsinga- og fjarskiptatækniþúnað á sem skilvirkastan hátt. Aðildarríkin skulu einkum krefjast áreiðanlegs notandakennis og viðeigandi eftirlitsaðferða. Kennsla í formi rafræns náms skal ekki vara lengur en tólf klukkustundir. A.m.k. ein af lotum þjálfunarnámskeiðanna skal taka til viðfangsefnis sem varðar umferðaröryggi. Í inntaki þjálfunarinnar skal tekið tillit til nauðsynlegrar sérþjálfunar í tengslum við flutningastarfsemi, sem ökumaðurinn innir af hendi, og viðeigandi laga- og tækniþróunar og taka ætti tillit til nauðsynlegrar sérþjálfunar ökumannsins eins og mögulegt er. Á þessum 35 klukkustundum ætti að fara yfir margs konar mismunandi viðfangsefni, þ.m.t. að endurtaka þjálfun ef í ljós kemur að ökumaðurinn þarfnast sérstakrar viðbótarþjálfunar.

(Undirstrikun Samtaka ökuskóla)

Samkvæmt ii-lið c-liðar 2. tölul. 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 155/2022, eiga undirstrikuðu orðin í textanum hér að framan ekki við um Ísland.

Rétt er að vekja athygli á að tilskipun (ESB) 2018/645 er úr gildi fallin innan ESB. Í stað hennar hefur tekið gildi tilskipun (ESB) 2022/2561 um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun ökumanna

tiltekinna ökutækja til vöru- eða farþegaflutninga. Nýja tilskipunin hefur hins vegar ekki verið tekin upp í EES-samninginn en er samkvæmt upplýsingasíðu utanríkisráðuneytisins til skoðunar hjá EES-ríkjunum.

Samkvæmt 7. gr. tilskipunar (ESB) 2022/2561 skal reglubundin þjálfun eiga sér stað á viðurkenndri þjálfunarstöð. Skal þjálfunin standa saman af kennslu í kennslustofu, raunþjálfun og, ef mögulegt er, þjálfun með upplýsingatækni (e. ICT tools) eða með hágæða hermum. Innan ESB er því ljóst að kennsla í fjarnámi einungis fullnægir ekki kröfum hinnar nýju tilskipunar. Um þetta segir í 25. tölul. aðfararorða hennar, á ensku:

Bls. | 2

Member States should be provided with a clear option to improve and modernise training practices with the use of information and communication technology (ICT) tools, such as e-learning and blended learning, for part of the training, while ensuring the quality of the training. When improving and modernising training practices with the use of ICT tools, it is important to take into account the fact that some specific topics require hands-on training and cannot be properly addressed with such learning tools: for example, fitting snow chains or securing loads, or other training elements where the practical side is important. Practical training could, but does not have to, consist of driving. A substantial amount of the training required under this Directive should be carried out at an approved training centre.

(Undirstrikun Samtaka ökuskóla)

Að mati Samtaka ökuskóla geta rafrænar menntunaraðferðir vissulega verið hagkvæmar frá efnahagslegu sjónarmiði. Hins vegar er hætt við að of mikið umfang slíkra aðferða komi niður á gæðum menntunarinnar. Er þeirri afstöðu enda lýst í 25. tölul. aðfararorða tilskipunar (ESB) 2022/2561 að sum viðfangsefni reglulegrar endurmenntunar geti ekki átt sér stað í fjarnámi. Það sjónarmið endurspeglast einnig umfjöllun í 12. tölul. aðfararorða tilskipunar nr. 2018/645 þar sem efnislega er vikið að ýmsum þjálfunarpáttum sem ekki er talið unnt að koma við með rafrænum menntunaraðferðum. Því er gert ráð fyrir því í tilskipuninni að töluverður hluti kennslunnar eigi sér stað í viðurkenndri þjálfunarmiðstöð.

Afstaða Samtaka ökuskóla er á ný skýr, þ.e. að í 2. gr. frumvarpsdraganna eigi beinlínis að kveða á um að hámark endurmenntunar sem lokið er í fjarnámi skuli vera 12 klst. Þrátt fyrir þá undanþágu sem felst í ii-lið c-liðar 2. tölul. 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 155/2022 er engri loku fyrir slíka útfærslu skotið. Er enda ljóst að beinlínis er gert ráð fyrir því í nýrri tilskipun (ESB) 2022/2561 að endurmenntun skuli eiga sér stað á viðurkenndri þjálfunarstöð þar sem þjálfun stendur saman af kennslu í kennslustofu, raunþjálfun og, ef mögulegt er, þjálfun með upplýsingatækni eða með hágæða hermum. Fara Samtök ökuskóla fram á að 2. gr. frumvarpsins verði breytt áður en frumvarpið fær endanlega afgreiðslu Alþingis.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka ökuskóla innan SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur